

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpurðun Vesturlands Fíflholt



<b>Dags eftirlits</b>	20.10.2020	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Sigríður Magnúsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Sorpurðun Vesturlands	<b>Eftirlitsmaður</b>	Sigríður Magnúsdóttir
<b>Heimili</b>	Bjarnarbraut 8	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5306972829	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Hrefna B. Jónsdóttir	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Stefán Gíslason	<b>Staðsetning</b>	349951,516 469714,37

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með urðunarstað Sorpurðunar Vesturlands í Fíflholtum. Engin frávik komu fram og engar ábendingar voru gerðar. Rekstraraðili vinnur að úrbótum í samræmi við úrbótaáætlun sem samþykkt var 25. október 2019.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit á urðunarstað Sorpurðunar Vesturlands í Fíflholtum og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

- Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
- Umhverfi og takmörkun aðgangs (gr. 2.1)
- Varnir gegn foki úrgangsefna og frágangur urðunarreina (gr. 3.1, 4.3)
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Úrlausn sigvatns mála
- Önnur mál
- Skoðunarferð um urðunarstaðinn

Eftirlitið hófst á fundi í Borgarnesi þar sem farið var yfir ákvæði starfsleyfisins, stöðu umsóknar um breytingar á starfsleyfi og úrbætur vegna fráviks.

Farið var yfir umfang starfseminnar og niðurstöður eftirlita 2019. Árið 2019 voru urðuð í Fíflholtum 17.548 tonn og voru 2.498 tonn af kurluðu timbri notuð í yfirlag. Engin frávik komu fram við seinna eftirlit 2019 en rekstraraðili vann þá að úrbótum vegna eldri fráviks er varða fokvarnir, veiðarfæraúrgangur og yfirfallsvatn í hreinsivirki. Unnið var að nýrri fokvarnargirðingu við urðunarrein nr. 4 sem og að unnið var að því að koma veiðarfæraúrgangi sem safnast hafði á urðunarstaðinn í endurvinnslu.

Fram kom við eftirlit nú að fokvarnargirðing sem reist hefur verið við urðunarreinina hefði reynst vel við að grípa fokefni og að einnig væru verktakar fengnir til að týna fokefni þegar á þyrfti að halda. Veiðarfæraúrgangur væri enn á urðunarstaðnum og hægt gengi að koma honum í réttan farveg þó aðeins hefði þokast í þeim efnunum árið 2019. Rekstraraðili lagði fram úrbótaáætlun vegna hreinsunar sigvatns sem samþykkt var 25. október 2019 og hefur sótt um breytingu á starfsleyfi í því sambandi sem og aukningu á urðun. Rekstraraðili kynnti fyrirhugaðar framkvæmdir vegna úrbóta við hreinsun sigvatns frá urðunarstaðnum.

Fram kom að nú væri á hliði inn á urðunarstaðinn skilti um takmörkun aðgangs sem og að svæðið væri nú vaktað með myndavélum. Á síðasta ári voru fengnir ráðgjafar til að meta hvað betur mætti fara á urðunarstaðnum og hefur það skilað sér í bættu verklagi og úrbótum á urðunarstaðnum.

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni reglubundinna eftirlitsferða, en samkvæmt 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarfærnaeftirlit ber Umhverfisstofnun nú að ákvarða tíðni reglubundins eftirlits út frá kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu starfsemi undir eftirliti stofnunarinnar. Árið 2019 féll urðunarstaðurinn í Fíflholtum í flokk B (17 stig) þannig að komið var í reglubundið eftirlit einu sinni árið 2020. Áhættumat er endurmetið árlega.

Rætt var stuttlega um reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir dýra og afleiddar afurðir ekki ætlaðar til manneðis, sbr. og reglugerð (EB) nr. 1069/2009.

Eftirlitsmaður fór í vettvangsferð á urðunarstaðinn í kjölfar fundarins. Staðfest var að þar væru nú fokvarnargirðingar sunnan, vestan og norðan við urðunarreinina. Plan við áhaldahús hafði verið malbikað frá því í síðasta eftirliti. Urðunarstaðurinn var allur snyrtilegur, vel skipulagður og ekki tilefni til athugasemda.

## ANNAÐ

Einnig var viðstaddur eftirlitið í gegnum fjarfundabúnað fyrir hönd Sorpurðunar Vesturlands Gunnar Svavarsson.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.  
2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 04.01.2021

*Sigríður Magnúsdóttir*

---

Sigríður Magnúsdóttir